

# Erindisbréf fyrir heimastjórn Borgarfjarðar

## Markmið

### 1. gr.

Stjórnskipulag Múlaþings byggir á einfaldri og skilvirkri stjórnsýslu, ásamt valddreifingu til heimastjórna í samræmi við *samþykkt um stjórn Múlaþings* og viðauka um fullnaðarafgreiðslu ráða, stjórna og nefnda í stjórnsýslu sveitarfélagsins. Valdmörk heimastjórnar Borgarfjarðar miðast við sveitarfélagamörk Borgarfjarðarhrepps eins og þeim er lýst á sveitarfélagakorti Landmælinga Íslands frá mars 2020.

## Um hlutverk heimastjórnar

### 2. gr.

Heimastjórn Borgarfjarðar er ein fjögurra heimastjórna Múlaþings og annast þau verkefni sem sveitarstjórn felur henni og snýr að viðkomandi byggðahluta. Heimastjórnir hafa vald til fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála, sbr. viðauka I við *samþykkt um stjórn Múlaþings*.

Heimastjórn getur ályktað til sveitarstjórnar um hvert það málefni sem hún telur að varði íbúa byggðahlutans og vísað málum til umfjöllunar fagráða. Heimastjórnir skulu stuðla að hvers konar samstarfi innan byggðahlutans og gera tillögur til sveitarstjórnar sem varða verksvið sitt. Þá getur heimastjórn gert tillögur um samræmingu á þjónustu stofnana á starfssvæði sínu.

Heimastjórn er vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og sveitarfélagsins og er virkur þátttakandi í stefnumörkun byggðahlutans. Fjárhagsáætlun Múlaþings skal koma til umsagnar heimastjórnar áður en hún er tekin til umræðu í sveitarstjórn.

### 3. gr.

Helstu verkefni heimastjórnar:

- að afgreiða, eftir umfjöllun umhverfis- og framkvæmdaráðs, tiltekin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010 án staðfestingar sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga, þ.m.t. um deiliskipulag á hafnarsvæðum,
- að afgreiða tiltekin verkefni laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 án staðfestingar sveitarstjórnar,
- að fara með verkefni náttúruverndarnefndar skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013,
- að veita umsagnir um tillögur um breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins, innan sinna staðarmarka,
- að taka ákvarðanir sem sveitarstjórn skal taka samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. að frátalinni ákvörðun um staðfestingu fjallskilasamþykktar, sbr. 3. gr. laganna,
- að taka ákvarðanir sem sveitarstjórn skal taka samkvæmt lögum nr. 38/2013 um búfjárhald, að frátöldum ákvörðunum samkvæmt 4. gr. um takmörkun búfjárhalds,

- að veita umsagnir til sveitarstjórnar vegna ákvörðunar sveitarstjórnar á breytingu á landnotkun skv. 2. mgr. 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004
- að veita umsagnir samkvæmt 17. gr. jarðalaga nr. 81/2004, varðandi umsókn um lögbýlisrétt,
- gefa yfirlýsingu varðandi sölu jarða til ábúenda samkvæmt 3. tölulið 36. gr. jarðalaga,
- afgreiða umsagnir um tækifærisleyfi og rekstrarleyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald o.fl., sem fulltrúi sveitarstjóra á viðkomandi stað hefur ákveðið að vísa til heimastjórnar til ákvörðunar,
- veita leyfi fyrir akstursípróttir og aksturskeppnir sbr. 39. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og reglugerðar nr. 507/2007 um akstursípróttir og aksturskeppnir sem fulltrúi sveitarstjóra á viðkomandi stað hefur ákveðið að vísa til heimastjórnar til ákvörðunar,
- veita umsagnir um menningarverkefni þegar eftir er leitað,
- veita byggðaráði umsögn um rekstrarfyrirkomulag félagsheimila og tjaldsvæða og starfsemi þeirra,
- fara með verkefni stjórnar félagsheimila samkvæmt nánari ákvörðun og eftir því sem við á,
- fara með verkefni stjórnar Félagsheimilisins Fjarðarborgar í samræmi við samþykktir félagsins,
- að veita umsögn um tiltekin hafnamál til umhverfis- og framkvæmdaráðs, svo sem að veita leyfi til starfsemi á hafnarsvæði og ákvarðanir um bann eða takmörkuð afnot hafnarsvæðis fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi,
- að vinna að öðrum þeim verkefnum sem sveitarstjórn felur heimastjórn á hverjum tíma.

Nánar um verkefni og valdheimildir heimastjórna fer samkvæmt viðauka I um um fullnaðarafgreiðslu ráða, stjórna og nefnda í stjórnarsýslu Múlaþings.

### **Ráðning fulltrúa sveitarstjóra**

#### **4. gr.**

Sveitarstjóri í samráði við viðkomandi heimastjórn ræður fulltrúa sveitarstjóra á hverjum stað, sbr. 56. gr. sveitarstjórnarlaga og 52. gr. samþykktar um stjórn Múlaþings. Ráðning starfsmanna skal rúmast innan fjárheimildar í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri kynnir fyrir heimastjórn að til standi að auglýsa starf stjórnanda og leggur fram drög að auglýsingu þess efnis. Í auglýsingu skal a.m.k. koma fram hvaða starf sé laust til umsóknar, hvers eðlis starfið er, lágmarks hæfis- og hæfniskröfur og hvaða meginsjónarmiðum verði fylgt við valið. Umsóknarfrestur skal að jafnaði vera 2 vikur en sveitarstjóra er heimilt að framlengja umsóknarfrest, áður en honum lýkur, ef sérstakar ástæður mæla með því. Þegar umsóknarfresti lýkur kynnir sveitarstjóri fjölda umsækjenda og hverjir verða boðaðir í viðtöl. Að viðtölum loknum kynnir sveitarstjóri hæfustu umsækjendurna og hver var ráðinn í starfið.

Heimastjórn er sveitarstjóra til samráðs í ráðningarferlinu en ákvörðunarvaldið er í höndum sveitarstjóra.

Hafi sveitarstjóri í hyggju að segja upp fulltrúa sveitarstjóra, þá kynnir hann þá ákvörðun fyrir heimastjórn, ásamt rökstuðningi, áður en sú ákvörðun er tekin.

Um réttindi, skyldur og starfskjör starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir kjara- og ráðningarsamningum, sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga og 55. gr. samþykktar um stjórn Múlaþings. Um ráðningar stjórnenda Múlaþings fer að öðru leyti eftir stjórnarsýslulögum og meginreglum stjórnarsýsluréttar um undirbúning ráðningar og mat á hæfni umsækjenda.

### Um skipan heimastjórnar og málsmeðferð

#### 5. gr.

Heimastjórn er skipuð þremur fulltrúum. Einn fulltrúi og annar til vara eru kjörnir af sveitarstjórn og skulu þeir vera aðalfulltrúar í sveitarstjórn. Kjör þeirra skal fara fram á sama fundi og sveitarstjórn kýs fulltrúa í fastanefndir og ráð skv. 48. gr. samþykktarinnar. Sveitarstjórn kýs formann úr hópi aðalmanna í heimastjórn á þeim sama fundi.

Tveir fulltrúar og tveir til vara skulu kosnir beinni kosningu í atkvæðagreiðslu meðal íbúa Borgarfjarðar í samræmi við ákvæði 36. gr. *samþykktar um stjórn Múlaþings og reglur um heimastjórnarkosningar í Múlaþingi*. Ákvæði 44. gr. *samþykktar um stjórn Múlaþings* um áheyrnarfulltrúa á ekki við þar sem meiri hluti fulltrúa í heimastjórn er kjörinn af íbúum viðkomandi hluta sveitarfélagsins.

Formaður ákveður dagskrá fundar heimastjórnar í samstarfi við fulltrúa sveitarstjóra, sem sér um að boða til fundar með rafrænu fundarboði ásamt dagskrá og fylgigögnum a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Geti fulltrúi í heimastjórn ekki sótt fund skal hann tilkynna það formanni og boða varamann sinn.

#### 6. gr.

Málsmeðferð heimastjórnar skal vera í samræmi við ákvæði *sveitarstjórnarlaga, skipulagslaga, stjórnarsýslulaga, samþykktar um stjórn Múlaþings, siðareglna fyrir kjörna fulltrúa hjá Múlaþingi* og góða stjórnarsýsluvenju. Um fundarsköp á fundum heimastjórnar gilda ákvæði *sveitarstjórnarlaga, samþykktar um stjórn Múlaþings* og *auglýsingar um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna nr. 1181/2021*.

Heimastjórn skal halda gerðabók og skulu fundargerðir þess sendar sveitarstjórn til staðfestingar. Heimastjórnir funda að jafnaði mánaðarlega í samræmi við fundadagatal Múlaþings, eða eins oft og þurfa þykir innan fjárheimilda ráðsins. Boða skal til fundar ef meirihluti nefndarmanna fer fram á slíkt.

#### 7. gr.

Heimastjórn afgreiðir eftir umfjöllun umhverfis- og framkvæmdaráðs eftirtalin verkefni samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 án staðfestingar sveitarstjórnar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga og tiltekin verkefni laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, í samræmi við *viðauka I við samþykkt um stjórn Múlaþings*.:

1. afgreiðsla umsókna um framkvæmdaleyfi matsskyldra framkvæmda skv. 14. gr. skipulagslaga,
2. ákvörðun um að unnin sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi með vísan til 38. gr. skipulagslaga,
3. ákvörðun í samræmi við 41. gr. skipulagslaga, um að auglýsa deiliskipulagstillögu og taka afstöðu til framkominna athugasemda við tillöguna og tillögur umhverfis-og

framkvæmdaráðs um afgreiðslu og hvort gera þurfi breytingar á deiliskipulagstillögunni. Jafnframt skal heimastjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær, skv. 42. gr. skipulagslaga.

4. hafi Skipulagsstofnun gert athugasemdir við afgreiðslu heimastjórnar á deiliskipulagstillögu, skal heimastjórn fjalla um málið og gera tillögu að nauðsynlegum breytingum, eða færa rökstudda grein fyrir ástæðum þess að heimastjórn fallist ekki á athugasemdir Skipulagsstofnunar skv. 42. gr. skipulagslaga.
5. ákvörðun um heiti á götum, vegum og torgum samkvæmt 47. gr. skipulagslaga, að fenginni umsögn umhverfis- og framkvæmdaráðs.
6. gerir tillögur að umferðarhraða og öðrum öryggisráðstöfnunum í umferðaröryggisáætlun.

Heimastjórn veitir umsagnir um umhverfismat áætlana skv. III. kafla og umhverfismat framkvæmda skv. IV. kafla laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Jafnframt afgreiða heimastjórnir eftirfarandi verkefni án staðfestingar sveitarstjórnar:

- veitir umsagnir til umhverfis- og framkvæmdaráðs, um tillögur um breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, innan sinna staðarmarka,
- veitir umsagnir samkvæmt 2. mgr. 5. gr. og 17. gr. jarðalaga nr. 81/2004, um breytingar á landnotkun og umsókn um lögbýlisrétt,
- gefur yfirlýsingu varðandi sölu jarða til ábúenda samkvæmt 3. tölulið 36. gr. jarðalaga,
- afgreiðir umsagnir um tækifærisleyfi og rekstrarleyfi samkvæmt lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald o.fl. sem fulltrúi sveitarstjóra á viðkomandi stað hefur ákveðið að vísa til heimastjórnar til ákvörðunar,
- veitir leyfi fyrir akstursípróttir og aksturskeppnir sbr. 39. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og reglugerðar nr. 507/2007 um akstursípróttir og aksturskeppnir sem fulltrúi sveitarstjóra á viðkomandi stað hefur ákveðið að vísa til heimastjórnar til ákvörðunar,
- tekur ákvarðanir sem sveitarstjórn skal taka samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. að frátalinni ákvörðun um staðfestingu fjallskilasamþykktar, sbr. 3. gr. laganna,
- tekur ákvarðanir sem sveitarstjórn skal taka samkvæmt lögum nr. 38/2013 um búfjárhald, að frátöldum ákvörðunum samkvæmt 4. gr. um takmörkun búfjárhalds.

#### 8. gr.

Fulltrúi sveitarstjóra á Borgarfirði situr fundi heimastjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Formaður heimastjórnar ákveður með hliðsjón af dagskrá fundar hvort aðrir starfsmenn sveitarfélagsins sitji fund. Fulltrúi sveitarstjóra er ráðgjafi heimastjórnar, undirbýr fundi í samstarfi við formann og framkvæmir ákvarðanir eftir að sveitarstjórn hefur staðfest þær, sjá þó ákvarðanir sem heimastjórn er heimilt að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar.

Fulltrúi sveitarstjóra sér um ritun fundargerða og frágang skjala eftir fundi, nema annað sé ákveðið.

Um starfsmannamál fer eftir *mannauðsstefnu Múlapings*.

9. gr.

Fulltrúi í heimastjórn skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að fulltrúi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum heimastjórnar. Fulltrúi skal víkja af fundi, og kalla til varamann, tengist hann einstaklingum eða málum, sem fjallað er um, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni.

Þóknanir fyrir setu í heimastjórn eru ákvarðaðar í *samþykkt um starfskjör kjörinna fulltrúa í Múlaþingi* og fjárhagsáætlun hvers árs.

**Gildistaka**

10. gr.

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 48. gr. *samþykktar um stjórn Múlaþings* nr. 1216/2023.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Múlaþings þann 15. 11. 2023